



Jesús miðlaði fagnaðar-erindinu

Fólk verður hungrað þegar líkami þeirra þarf mat. Það verður hungrað á annan hátt þegar það þarf að heyra fagnaðarerindið.

Dag einn komu þúsundir manna til að sjá Jesú. Jesús mettaði alla með aðeins fimm brauðhleifum og nokkrum fiskum.

Næsta dag kom fólkið aftur til Jesú. Jesús sagði þeim að leita að öðruvísi brauði. „Ég er brauð lífsins,“ sagði hann. Ef fólk upp-götvar hann og fagnaðarerindi hans, mun anda fólksins aldrei hungra á ný.

Þið getið lesið þessa sögu í Jóhannes 6:5-13, 22-35.

ÉG GET HJÁLPAÐ ÖÐRUM AÐ LÆRA UM JESÚ

Hverjum getið þið hjálpað að læra um Jesú?

Segið bæn og gerið áætlun um að hjálpa einhverjum að læra um Jesú.

Gerið áætlun ykkar!



Eitt sinn sagði ég vinkonu minni: „Ég fer í kirkju og læri um frelsara okkar, Jesú Krist.“ Síðar byrjaði hún að koma í kirkju með okkur. Hún sagðist vilja láta skírast mjög fljótlega! Þetta gerði mig glaða að innan.

Mary E., 8 ára, Utah, Bandaríkjunum

Hvernig eruð þið að reyna að vera eins og Jesús með því að hjálpa öðrum? Skrifðið og látið okkur vita! Skoðið baksíðuna til að sjá hvernig það má gera.